

## Síðustu erlendar símfrjettir.

### EINKASKEYTI til Morgunblaðsins frá

Khöfn 20. des.

Svör Austurríkismanna í Angola-málinu eru álitin ófullnægjandi í Bandaríkjunum.

Khöfn 22. des

Búlgarar hafa staðnæmst á landamærum Grikklands, en ekki haldið inn í landið.

(Morgunbl. í Rvík.)

Angola-málið er risið út af skipi, er Austurríkismenn söktu fyrir Ameríkumönnum.

grundvallast á þessari jörð, auðlegð og erfði ná sáttum, úlfurinn og lambið saman búa, allir kynflokkar renna saman, mannkynið tala og rita eitt allsherjarmál, og þjóðirnar hætta að elska einungis ættjörð sína, heldur skoða allan heiminn sem allra fósturland.

Eftir Ali liggja ótal rit og »töflur«, sem enn eru flest í fórum óvina trúar hans, því þótt þessi helgi maður væri ágætlega mentur, stóð hann ver að vígi en Tolstoj, því hann var austurlenskur og oftast fangi þeirra drotna, sem af auðskiljanlegum ástæðum þorðu ekki að aðhyllast vo róttækar kenningar — fremur en Rússar gagnvart Tolstoj.

Ali gerði engin kraftaverk, en svo forspár var hann, að hann þótti fyrir sjá örlög hvers manns, er hann vildi, og eru spádómar hans nm afdrif konunga og stjórnarstórræða alkunnir; þannig sá hann fyrir örlög Napoleons þriðja, ófarir Frakka, og örlög Tyrkja, sem nú eru fram komin o. m. fl. En þótt hvorki kristnir kennimenn eða austurlenskir þyrðu að fylgja honum, er mælt að ótalmargir hinir vitrustu skoði hann sem guðmann og skoði kenningar hans sem ljós komandi tíma. »Sá dagur kemur,« segir Brown prófessor, »að fánar allra trúarbragða hnægja sig fyrir hans, og jólasöngurinn frá fæðingu Jesú verður sunginn með nýjum fögnum og eilífum trúarkrafti.

M, J.

## Jólablað

hefir fjelagið »Stjarnan í Austri« gefið út í Reykjavík. Ekki eru oss vitanlega komin hingað til bæjarins nema 2 eintök af því, en kemur að öllum líkindum til bóksala nú með Mjölni, Ritstjóri blaðsins og ábyrgðarmaður er Guðmundur Guðmundsson skáld, sem er fulltrúi fjelagsins hjer á landi.

Blað þetta er með myndum og hið vandaðasta að öllum frágangi. Flytur það hvert kvæðið öðru fegurra eftir Guðm. Guðmundsson, þar á meðal kvæði það, sem birtist hjer fremst í blaðinu í dag. Löng og snildarvel skrifuð ritgerð er þar eftir Jón Jónsson sagnfræðing, um Annie Besant, forseta guðspekisfjelagsins, og flytur blaðið mynd af henni. Ennfremur eru, auk ýmislegs fleira, tvær ágætar þýddar greinar, önnur um framtíðarhugsjónir trúarbragðanna, en hin um hið ónotaða, eða lítt notaða afl, sem hver maður hefir yfir að ráða, þar sem hugsanir hans eru.

Hjer er því miður ekki rúm til að

fara ýtarlega út í, hver er aðalboðskapur »Jólablaðs« þessa, og fjelags þess, sem gefur það út, en þeir, sem vilja kynnast þessari merkilegu hreyfingu, sem á 4 árum hefir breiðst yfir svo að segja öll lönd jarðarinnar, ættu að kaupa blaðið og lesa það vandlega.

### Messur um jólin.

Akureyri. Aðfangad. jóla kl. 6 síðd.  
— 1. jóladag — 12 á háð.  
— 2. — — 12 —

## Miklar birgðir

af dömuhöttum og húfum, sömu-leiðis höfuðfötum handa börnum, alt eftir nýjustu tísku, komu nú með Mjölni í

VERZLUNINA

»Baldursbrá«,

Lækjargötu 3.

Anna Magnúsdóttir.

Nýprentuð

## Sex sönglög

eftir Friðrik Bjarnason.

Fæst hjá bóksöllum.

## Mjólk! — Mjólk!

Nýmjólk fæst keypt kvölds og morguns hjá

Sig. Fanndal.

### Dakkarávarp.

Þegar jeg seint í fyrra mánuði varð fyrir því sviplega og sorglega reiðarslagi að maðurinn minn druknaði hjer við Torfunefsbryggjuna, urðu fjölda margir til þess að rjetta mjer hjálparhönd og gefa mjer stórgjafir, bæði Verkamannafjelagið og margir aðrir æðri og lægri borgarar þessa bæjar.

Öllum þeim nær og fjær, sem á einn eða annan hátt hafa sýnt mjer hjálp og hluttekningu í hinum sára missi mínum, bið jeg af hjarta Himnaföðurinn, sem stjórnar lífskjörum allra, að umbuna af ríkdómi sinnar náðar, og gleðja þá og hugga, hvenær sem þeim ber eifhvert andstreymi að höndum.

Óðdeyri 20. desember 1915.

Fanney Tryggvadóttir.

## Tveir böglar,

annar með taui og hinn með sápu, hafa gleymst í Lókabúð Kr. Guðmundssonar Akureyri. Þeir, sem eiga böglu þessa, eru beðnir að vitja þeirra þangað sem fyrst og borga auglýsingu þessa.

# Klæðaverksmiðjan

# „GEFJUN“

## lokar skrifstofu sinni

vegna vörukönnunar frá 24. desember til 3. janúar næstkomandi að báðum dögum meðtöldum.

Akureyri 20. desember 1915.

A. J. Bertelsen.

# Auglýsing.

Tilboð óskast um flutning á 100 til 150 hestburðum af skógvið úr Vaglaskógi til Akureyrar í vetur. Viðurinn er bundinn með vír í hæfilegar klyfjar á hentugum stað í skóginum. Tilboð verða að vera komin til einhvers af okkur undirrituðum fyrir 15. janúar 1916.

Í nefnd úr bæjarstjórn Akureyrar 20/12 '15.

Erlingur Friðjónsson. Bjarni Einarsson.

Porkell Porkelsson.

# ‘Vesta’-motorinn

er viðurkendur að vera bestur allra motora í skip og fiskibáta. Hann gengur næst Dieselmotorum í eldsneytissparnaði o. fl.

Hefur patent glóðarhöfuð, sem

getur alls ekki sprungið.

Heldur sjer hreinum þó brent sje jarðolíu. Er sjerlega endingagóður og sterkbygður með góðum legum. Hann gengur jafn rólega og áreiðanlega hvort heldur hann gefur fullan — hálfan — eða engan kraft.

Lárus J. Rist, Ráðhússtig 4,

gefur upplýsingar og tekur á móti pöntunum fyrir mína hönd.

Jón S. Esphólin.

Umboðsmaður fyrir „Vesta“ á Íslandi.

Besta  
ØLIÐ!

Pantið  
ÞAÐ!



Aðalumboðsmenn á Íslandi:

NATHAN & OLSEN,

Reykjavík — Akureyri.